

Sérdeild Fellaskóla fyrir nemendur með einhverfu

Sérdeildin í Fellaskóla er svokölluð safndeild, ein af sjö slíkum í Reykjavík og þar er pláss fyrir 15 nemendur. Foreldrar sækja um fyrir börn sín í sérdeild og hver umsókn er metin af inntöku-nefnd innan skóla- og frí-stundasviðs Reykjavíkurborgar. Skilyrði fyrir inntöku er einhverfugreining (F80.0) og í flestum tilfellum eru nemendur með fleiri en eina greiningu.

Í sérdeild Fellaskóla starfa fjórir þroskaþjálfar, þrír kennarar og fjórir stuðningsfulltrúar. Unnið er í teymum sem er skipt í þrennt, það er nemendur í 1. – 3. bekk, 4. – 6. bekk og nemendur í 7. – 10. bekk. Hvert teymi ber ábyrgð á einstaklingsnámskrám, að finna leiðir til þátttöku nemenda með bekkjum sínum, samskipti við foreldra o.s.frv.

Stefna sérdeildar Fellaskóla er að styðja nemendur til sjálfstæðis, náms og þátttöku í skólastarfinu almennt. Flestir nemendur taka a.m.k. þátt í list- og verkgreinum og íþróttum með jafnöldrum. Rauði þráðurinn í starfinu er góð líðan nemenda og jákvæð upplifun af skóla sem stuðlar að árangri í námi. Unnið er eftir hugmyndum um leiðsagnarnám þar sem nemendur eru meðvitaðir um til hvers – er ætlast –af þeim og markmiðið að þeir sjái tilgang í því sem unnið er með. Hver nemandi hefur einstaklingsnámskrá sem eru sýnilegar foreldrum í námsumsjónarkerfinu Mentor.

LITLA FELL

Í Litla Felli eru yngstu nemendur deildarinnar. Þar er lögð áhersla á aðlögun og að efla skólafærni nemenda. Megináhersla er á lestur og stærðfræði, sem sinnt er innan deildarinnar, ásamt því að þjálfra úthald við vinnu og í samvinnu og að efla sjálfstæði nemenda. Þátttaka í bekk byggir á getu hvers nemanda. Stuðst er við hugmyndafræði atferlisíhlutunar og TEACCH.

Miðfell

Miðstigið leggur áherslu á þátttöku nemenda í bekkjum. Nemendur stunda nám í sérdeild í íslensku og stærðfræði þar sem kennslan er einstaklingsmiðuð og höfð eins fjölbreytt og kostur er á. Höfuð áhersla er lögð á lestur og reikning með það markmið í huga að gera nemendur færa um sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur sækja tíma í ensku, samfélagsgreinum og náttúrufræði með bekkjum sínum þar sem starfsmaður deildar aðstoðar eftir þörfum. Nemendur eru þjálfaðir í að fara einir í kennslustundir þar sem það gengur upp.

Stóra Fell

Á elsta stiginu er áhersla lögð á að gera nemendum kleift að fylgja námskrá bekkja eftir getu og námslegri stöðu hvers og eins. Eitt af megin markmiðunum er að efla sjálfstæði nemenda og undirbúa þau fyrir næsta skólastig, þ.e. nám í framhaldsskóla.

Eftir því sem þroski nemenda vex er meira unnið með félagsfærni, s.s. samskipti, tilfinningar, kynheilbrigði, sjálfsmynd o.fl. Einnig býðst nemendum atvinnutengt nám.